



FJÁRMÁLAEFTIRLIT

Reykjavík, 17. febrúar 2020

Niðurstaða athugunar á virðismatsaðferðum Landsbankans hf. við útlán til sex valinna viðskiptamanna og aðila tengdum þeim

Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands (Fjármálaeftirlitið) framkvæmdi vettvangsathugun hjá Landsbankanum hf. frá mars til maí 2019. Niðurstaða lá fyrir í desember 2019.

Markmið athugunar Fjármálaeftirlitsins var að leggja mat á virðismatsaðferðir bankans vegna útlána til viðskiptamanna og staðfesta bókfært virði skuldbindinganna. Um leið var könnuð framfylgni við afmarkaða þætti laga nr. 161/2002 um fjármálfyrirtæki. Nánar tiltekið tók athugunin til aðferðafræði virðismats, innri ferla, reglna og viðmiða, greiningar og reglubundins eftirlits.

Til að geta lagt mat á virðismatsaðferðir bankans tók Fjármálaeftirlitið úrtak útlána til sex viðskiptamanna bankans og aðila tengdum þeim og yfirför niðurstöður virðismats bankans með sérstakri áherslu á bókfært virði skuldbindinganna miðað við 31. desember 2018. Auk þess var skoðuð framkvæmd á virðismati útlána í úrtaki sem sneri að verklagi og meðhöndlun gagna, s.s. skráningu þeirra og skjalavistun, fylgni við innri verlagsreglur og flokkun í láanasafnsskýrslu Fjármálaeftirlitsins (LPA-skýrsla).

Að teknu tilliti til þeirra gagna og upplýsinga sem Fjármálaeftirlitið aflaði við athugunina gerði stofnunin ekki athugasemd við bókfært virði útlána í úrtaki.

Fjármálaeftirlitið gerði hins vegar athugasemdir við eftirlit með kvöðum og sérstökum skyldum í skilmálum láanasamninga og hafði bankinn lokið úrbótum þegar niðurstaða Fjármálaeftirlitsins lá fyrir.

Þá var gerð athugasemd við að gæðum gagna í úrtaki í veðstöðukerfi og umsjón þeirra hafi verið ábótavant og fór Fjármálaeftirlitið fram á viðeigandi úrbætur.